

Fimmtudaginn 9. maí 1996.

Nr. 21/1996.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Hrafnhildi Sigurbjartsdóttur

(Örn Clausen hrl.)

Brenna. Refsimörk. Refsiákvörðun. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari, og Allan Vagn Magnússon héraðsdómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1995. Er vísað til a-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Hann krefst þess, að refsing ákærðu verði þyngd og að hún verði dæmd til greiðslu alls sakarkostnaðar fyrir báðum dómstigum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, sem verði ákveðin jöfn málsvarnarlaunum.

Ákærða krefst aðallega sýknu og að allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði lagður á ríkissjóð. Til vara krefst hún vægustu refsingar, sem lög leyfa, en til þrautavara krefst ákærða staðfestingar á refsíákvörðun héraðsdóms.

I.

Ákærða hefur ekki áfrýjað dómi héraðsdóms fyrir sitt leyti, en krefst engu að síður sýknu. Því til stuðnings er vísað til 2. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Verður ekki fallist á, að skilyrði séu til að beita þeirri grein í málinu, svo sem ákærða krefst.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærðu og heimfærslu ákæruefnis til refsíákvæða.

II.

Af hálfu ákærvalds er refsing ákærðu í héraðsdómi talin of væg. Er því haldið fram, að skilyrði séu ekki uppfyllt til að færa refsingu

niður úr því lágmarki, sem getur í 1. mgr. 164. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem héraðsdómari hafi gert með vísan til heimildar í 7. tl. 1. mgr. 74. gr. laganna.

Við ákvörðun refsingar verður höfð hliðsjón af 8. tl. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 19/1940, en ákærða gerði sér far um að draga úr tjóni og hindra útbreiðslu elds með því að hringja eftir hjálp og reyna sjálf að kæfa eldinn með vatni. Er refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði.

Ákærða hefur ekki áður hlotið refsidóm. Þegar það er virt svo og það, sem að framan greinir um viðleitni hennar til að draga úr afleiðingum brotsins, þykir mega ákveða, að refsing ákærðu verði öll skilorðsbundin til þriggja ára, haldi hún almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest um annað en greiðslu saksóknarlauna í ríkissjóð. Verður ákærða jafnframt dæmd til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Hrafnhildur Sigurbjartsdóttir, skal sæta fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest að öðru leyti en því, að ákærða skal greiða 40.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 8. desember 1995.

Ár 1995, föstudaginn 8. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Gunnari Aðalsteinssyni

héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-505/1995: Ákærvaldið gegn Hrafnhildi Sigurbjartsdóttur.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. nóvember sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara 24. október 1995 á hendur Hrafnhildi Sigurbjartsdóttur, Holtsbúð 49, Garðabæ, kt. 080449-6319, „fyrir brennu eða veruleg eignaspjöll með því að hafa skömmu fyrir kl. 21.40 mánudaginn 2. janúar 1995 á heimili sínu á efri hæð tvíbýlishússins nr. 49 við Holtsbúð í Garðabæ lagt eld að dýnum og rúmfatnaði í hjónarúmi í svefnherbergi og jólatré í arinstofu. Ákærða þykir með framangreindum hætti hafa valdið eldsvoða, sem hafði í för með sér almannahættu og olli verulegu eignatjóni og hættu á enn meira eignatjóni, hefði eldurinn náð að breiðast út frekar en orðið var, en ákærða tilkynnti um eldinn, og var hann slökktur af slökkviliði Hafnarfjarðar.

Telst þetta varða við 164. gr., en til vara við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar“.

Saksóknari krefst og saksóknarlauna.

Ákærða krefst sýknu, en til vara vægustu refsingar og málsvarnarlauna.

I.

Mánudaginn 2. janúar 1995, kl. 21.41 var hringt til lögreglunnar og tilkynnt um eld að Holtsbúð 49 í Garðabæ. Lögregla og slökkvilið fóru á staðinn, og er að var komið, sat ákærða á stól við útidyr, sem voru opnar upp á gátt, og lagði mikinn reyk þar út. Ákærða var mjög sótug í framan og á höndum, og auk þess lagði mikla brunalykt af klæðum hennar.

Húsið að Holtsbúð 49 er steinsteypt tvíbýlishús. Á neðri hæð býr tengdafadir ákærðu, og var hann heima þetta kvöld og vissi ekki um eldsvoðann á efri hæð. Hann var beðinn um að yfirgefa íbúðina, meðan eldurinn var slökktur og íbúðin á efri hæð reykraest. Ákærðu, sem var ein í íbúðinni, var ekið á slysadeild Borgarspítalans til skoðunar. Á leiðinni sagði hún lögreglunni, að hún hefði sjálf kveikt í, og hefði það verið vegna þess, að eiginmaður sinn væri farinn frá sér og væri í þeim hugleiðingum að skilja við sig. Slökkvilið Hafnarfjarðar lauk slökkvistarfi kl. 22.53 og hvarf þá af vettvangi. Ákærða var undir áhrifum áfengis, og var henni tekið blóð til alkóhólrannsóknar. Reyndist magn alkóhóls í blóði 2,13‰.

Lögreglan rannsakaði vettvang. Segir í skýrslu hennar, að upphaf eldsins hafi verið á tveimur aðskildum stöðum, annars vegar í rúmfatnaði í hjónaherbergi og hins vegar í jólatré í arinstofu. Ástæða eldsins hafi verið íkveikja. Í svefnherbergi virðist bruninn hafa verið nokkurn tíma að búa um sig. Mikið þykkt sót var í svefnherbergi, sem benti til hægs ófullkomins bruna.

Bruninn á jólatré í arinstofu virtist hafa verið ör. Ekki taldi lögreglan, að veður hefði haft áhrif á brunann. Talsverðar skemmdir urðu í svefnherbergi af völdum sóts og bruna. Sót hafði einnig farið í önnur herbergi. Á hæðinni fyrir neðan urðu lítils háttar skemmdir af vatni. Engin ummerki fundust um efni til þess að kveikja eldsvoðann, viðhalda honum eða örva hann.

Guðmundur Gunnarsson verkfræðingur var fenginn til að meta, hvort almannahætta hefði stafað af brunanum. Í skýrslu hans segir m. a.:

„3.0. *Almannahætta.*

Umsögninni er hér skipt í tvennt í samræmi við áður gefin atriði. Fyrra atriðið, sem litið var til, er:

a) Hætta á, að hagsmunir, fjárhagsmunir eða líf manna og limir, sem bundnir voru við eignina, sem kviknaði í, færu forgörðum.

Hér er „eignin“ talin vera efri hæð húseignarinnar Holtsbúðar 49, þar sem neðri hæð er sjálfstætt brunahólf.

Hér þarf að líta til þess, að eldurinn í hjónaherberginu hefur haft tvo þróunarmöguleika. Annar er sá, sem í raun gerðist, þegar eldurinn var slökktur af slökkviliðinu í byrjun, en hinn möguleikinn er, að eldurinn hefði brunnið áfram óhindraður nokkra stund. Þá hefði hjónaherbergið orðið alelda (yfirtendrun) á um fimm mín. og eldur brotist fram á gang í gegnum hurðina, sem ekki var lokað, en féll að stöfum.

Eldurinn í jólatrénu var hægur og á leið með að deyja út og hefði ekki valdið nema litlum reykskemmdum á íbúðinni.

Á brunatímanum var enginn heima í íbúðinni utan ætlaður brennumaður. Almannahætta er því til staðar varðandi skemmdir á íbúðinni og innanstokksmunum, en var ekki til staðar varðandi líf og limi manna.

Seinna atriðið, sem litið var til, er:

b) Hætta á, að hagsmunir færust eða spilltust utan þeirrar eignar, sem kviknaði í, svo sem nærlæg hús, önnur mannvirki eða fjármunir, og einnig hætta fyrir líf þeirra, sem höfðust við í grennd við brunavettvang.

Hér er „eignin“ sem áður talin vera efri hæð húseignarinnar Holtsbúðar 49, þar sem neðri hæð er sjálfstætt brunahólf.

Á brunatímanum var einn íbúi heima í íbúðinni á neðri hæð hússins. Lögreglan lætur hann vita um brunann, og bíður hann í lögreglubifreið fyrir utan húsið, uns eldurinn hafði verið slökktur, og sakaði hann ekki. Eins og áður segir, er fjarlægð Holtsbúðar 49 frá öðrum húsum nægjanleg miðað við gildandi reglugerðir og hugsanlegan bruna í húsinu. Ekki hefur því verið hætta á, að hagsmunir færust eða spilltust utan sú eign, sem kviknaði í,

þ. e. Holtsbúð 49, né heldur var nokkur í lífshættu utan hússins af völdum eldsins.

4.0. Niðurstaða.

Mat undirritaðs er, að um eldsvoða hafi verið að ræða.

Um almannahættu hefur verið að ræða, að því er varðar skemmdir á íbúðinni á efri hæð ásamt innanstokksmunum, bæði af völdum elds, reyks og slökkviaðgerða, og á íbúðinni í kjallaranum, en einkum af vatni, sem stafar af ófullnægjandi þéttingu í plötu. Hvorki íbúinn á neðri hæð hússins né nokkur utan húss hefur verið í neinni hættu.“

Fram hefur komið í málinu, að Bára J. Todd, kt. 280543-2339, mágkona ákærðu, kom í heimsókn til ákærðu um kl. 15.00 2. janúar 1995. Sagði hún ákærðu hafa verið undir áhrifum áfengis, er á leið heimsóknina. Hefði ákærða verið leið og þær rætt vandamál í hjónabandi ákærðu. Hún hefði farið um kl. 18.00 og þá mætt eiginmanni ákærðu, Eiði H. Haraldssyni, kt. 170147-7319, sem var að koma í heimsókn. Kvaðst Eiður hafa ætlað að ræða við ákærðu, en hún ekki verið í ástandi til þess og hann því kvatt fljótlega. Hún hefði ekki verið með neinar hótanir um að skaða sjálfa sig eða aðra. Þá hefur komið fram í málinu, að ákærða lá á geðdeild Borgarspítalans frá 21. nóvember 1993 – 3. maí 1994 vegna geðhvarfasjúkdóms og áfengissýki. Hún hefur verið í meðferð hjá Kjartani J. Kjartanssyni geðlækni vegna sjúkdóms síns.

Ákærða hefur borið svo fyrir dómi og hjá lögreglu, að sér finnst ekki ólíklegt, að hún hafi framið það brot, sem hún er ákærð fyrir, en hún muni það ekki. Hún muni aðeins eftir, að reykskynjarar fóru í gang og hún reyndi að slökkva eld í hjónaherbergi. Þegar það tókst ekki, hringdi hún eftir hjálp.

II.

Ákærða man ekki eftir því, er eldur kviknaði. Hún man aðeins eftir að hafa heyrt í reykskynjara og að hún reyndi að slökkva eld í hjónaherbergi. Þegar það tókst ekki, hringdi hún á hjálp.

Við rannsókn málsins hefur komið í ljós, að eldur kviknaði á tveimur stöðum í íbúðinni, annars vegar í rúminu í hjónaherbergi og hins vegar í júlátré í arinstofu. Þegar þetta er virt, þykir sannað, að ákærða hafi valdið eldsvoða með ásetningi. Telja verður einnig, að um almannahættu hafi verið að ræða í skilningi 164. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Þó að hætta á manntjóni stafaði ekki af brotinu, hlaut íbúð á neðri hæð að verða fyrir skemmdum, t. d. vatnsskemmdum, ef íbúð á efri hæð hefði orðið alelda. Það telst ekki skilyrði 164. gr., að efnislegt tjón á hagsmunum hafi orðið, heldur er nægilegt, að hagsmunum sé stefnt í hættu.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærða ekki áður sætt refsingu. Brot ákærðu telst varða við 1. mgr. 164. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Telst refsing hennar hæfileg skilorðsbundið þriggja mánaða fangelsi með vísan til 7. tl. 74. gr. alm. hgl., þar sem ákærða afstýrði af sjálfsdáðum hættu þeirri, sem hafði skipast.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 40.000 krónur, og saksóknarlaun, 20.000 krónur.

Ákærða greiði að öðru leyti allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Hrafnhildur Sigurbjartsdóttir, sæti fangelsi í þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærða heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 40.000 krónur, og saksóknarlaun, 20.000 krónur.
